

## SKILMÁLAR

FOS 23 1130

VÍXLA ÚTGEFNUM AF FOSSUM FJÁRFESTINGABANKA HF.



Útgáfuverð: 95,12938

Heildarnafnverð útgæfið: 1.080.000.000 kr.

Útgáfudagur: 22. maí 2023

(„víxlarnir“)

### 1. Almenn

- 1.1. Þessir skilmálar gilda um þá víxla sem tilgreindir eru að ofan og Fossar fjárfestingabanki hf., kt. 660907-0250, Fríkirkjuvegi 3, 101 Reykjavík (hér eftir „**Fossar**“), hefur gefið út.
- 1.2. Skilmálarnir geyma ákvæði um réttindi og skyldur útgefanda víxlanna annars vegar og eigenda víxlanna hverju sinni hins vegar. Almennir viðskiptaskilmálar um fjárfestingarþjónustu sem Fossar veita viðskiptamönnum kunna einnig að gilda um viðskipti á milli Fossa og viðskiptamanna og koma þeir þá til fyllingar skilmálum þessum eftir því sem við á. Skilmálar þessir um víxla útgefna af Fossum ganga framur hinum framangreindu almennu viðskiptaskilmálum Fossa, reynist ósamræmi þar á milli, enda falli viðskiptin eða þjónustan undir skilmála þessa. Almennu skilmálarnir eru aðgengilegir á vefsíðu Fossa.
- 1.3. Skilmálar þessir skulu teljast órjúfanlegur hluti af útgáfulýsingu víxlanna ásamt viðauka við útgáfulýsinguna með skilmálum. Skjölin eru birt á heimasíðu Fossa, [www.fossar.is](http://www.fossar.is).

### 2. Skilgreiningar

- 2.1. Í skilmálum þessum skulu eftirfarandi hugtök hafa þá merkingu sem tilgreint er að neðan, nema annað sé sérstaklega tekið fram í viðeigandi málsgrein:

„**Bankadagur**“ er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.

„**Nafnverðseiningar**“ eru þær einingar sem viðkomandi víxill er gefinn út í og tilgreindar eru í endanlegum skilmálum víxlanna.

„**Reikningsstofnun**“ er fjármálastofnun sem hefur gert aðildarsamning við verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna.

„Útgefandi, greiðandi og samþykkjandi“ er Fossar fjárfestingabanki hf., kt. 660907-0250.

„Verðbréfareikningur“ er rafrænn eignarreikningur í skilningi ákvæða laga nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna.

„Víxlar“ eru víxlar útgefnir af Fossum

„Víxlaeigendur“ eru eigendur víxlanna, einnig vísað til sem víxilhafa, sem geta framvísað staðfestingu á eignarhaldi víxlanna.

### 3. Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

- 3.1. Víxlarnir eru gefnir út í íslenskum krónum sem er útgáfugjaldmiðill víxlanna. Víxlarnir eru gefnir út í nafnverðseiningu sem nemur kr. 20.000.000. Heildarnafnverð útgáfu er 1.080.000.000 kr.
- 3.2. Víxill útgefinn í samræmi við skilmála þessa felur í sér þá skyldu að á gjalddaga víxilsins skuli greiðandi víxilsins greiða rafrænt skráðum handhafa víxilsins þá fjárhæð sem víxillinn kveður á um („víxilfjárhæðin“).
- 3.3. Útgáfustaður víxlanna er á skráðu heimilisfangi greiðanda í Reykjavík.
- 3.4. Útgáfudagur víxlanna er 22. maí 2023.
- 3.5. Greiðslustaður víxlanna er á skrásettu heimilisfangi greiðanda í Reykjavík.
- 3.6. Gjaldalagi víxlanna er 30. nóvember 2023.
- 3.7. Rafræn útgáfa víxlanna með þeim hætti sem lýst er í skilmálum þessum skal fela í sér ígildi undirskriftar útgefanda (sem útgefanda, greiðanda og samþykkjanda) undir víxlana.

### 4. Útgáfuform og greiðslufyrirkomulag

- 4.1. Víxlarnir eru gefnir út með rafrænum hætti hjá verðbréfamistöðinni Nasdaq CSD. Hver og einn víxlanna verður fyrst gefinn út á tilgreindan vörslureikning útgefanda, þaðan sem þeir verða framseldir til víxileigenda.
- 4.2. Útgefandi mun, með milligöngu verðbréfamistöðvar, greiða upp víxlana, eftir því sem við á, samkvæmt skilmálum þessum, á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur víxlanna hafa falið vörslu á víxlum sínum. Greiðslur verða inntar af hendi í samræmi við skráða eign víxla á gjalddaga. Ef gjalddagi fellur til á frídegi færast gjalddagi til næsta bankadags þar á eftir.
- 4.3. Viðkomandi reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á verðbréfareikninga eigenda víxlanna, þar sem víxlarnir eru í vörslu.

- 4.4. Útgefandi skal annast allan útreikning á greiðslum. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamiðstöð um greiðslufall á flokknum, ef til þess kemur, og skal í slíku tilfalli tilkynna verðbréfamiðstöð að nýju þegar greiðsla hefur verið innt af hendi.
- 4.5. Víxlarnir verða afskráðir úr kerfum verðbréfamiðstöðvar sjö sólarhringum eftir lokagjaldþaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda.
- 4.6. Vanefni útgefandi greiðslu af víxlunum, enda hafi eigandi víxlanna fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á verðbréfareikningi hjá reikningsstofnun, ber útgefanda að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, samanber 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni fjárhæð frá gjaldþaga til greiðsludags. Undantekning er ef gjaldþaga víxlanna er ekki á bankadegi og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.

## **5. Réttthæð**

- 5.1. Kröfur samkvæmt víxlunum standa ávallt jafn rétttháar innan flokksins. Kröfur samkvæmt víxlunum standa jafnar öðrum almennum, óveðtryggðum kröfum á hendur útgefanda. Við gjaldþrot eða slit útgefanda stendur krafa um greiðslu samhliða almennum kröfum en á undan öllum víkjandi kröfum og kröfum til endurgreiðslu hlutafjár.

## **6. Endurgreiðsla höfuðstóls**

- 6.1. Víxilfjárhæð skal greidd með einni greiðslu. Víxilfjárhæð verður því endurgreidd með einni greiðslu á gjaldþaga þann 30. nóvember 2023.

## **7. Uppgreiðsluheimild**

- 7.1. Útgefanda er óheimilt að greiða inn á víxlana eða greiða víxlana upp, í heild eða hluta, fyrir gjaldþaga þeirra. Útgefanda eru þó heimil endurkaup víxla að því marki sem ófrávíkjanlegar reglur setts réttar standa því ekki í vegi.

## **8. Vextir**

- 8.1. Víxlarnir eru vaxtalausir og seldir með forvaxtafyrirkomulagi. Stuðst er við einfalda flata vexti og dagaregluna ACT/360.

## **9. Yfirlýsingar**

- 9.1. Útgefandi lýsir eftirfarandi yfir gagnvart sérhverjum víxileiganda:

- a) Útgefandi er félag, réttilega stofnað, í góðu horfi og er réttilega skráð samkvæmt íslenskum lögum. Útgefandi ræður yfir eigin eignum og ræður sinni starfsemi eins og hún er rekin.
  - b) Aðild að og efndir útgefanda á víxlunum brýtur ekki í bága við nein lög eða reglugerðir, dómsúrskurði eða úrskurði yfirvalda eða stofnskjöl útgefanda eða neinum öðrum samningi eða löggerningi sem er bindandi fyrir útgefanda eða eignir hans.
  - c) Útgefandi hefur heimild til þess að gangast undir og standa við þær skuldbindingar sem víxlarnir fela í sér.
- 9.2. Sérhver víxill sem útgefandi gefur út myndar, eða þegar hann verður undirritaður í samræmi við ákvæði hans, mun mynda, lagalegar, gildar, bindandi og fullnustuhæfar skuldbindingar.

## 10. Vanefndatilvik

- 10.1. Verði vanskil á greiðslu víxlanna á gjalddaga sem ekki eru leiðrétt innan fimm bankadaga þar á eftir getur víxlhafi þá leitað fullnustu víxilsins.
- 10.2. Sama rétt á víxlhafi, þótt gjalddagi víxilsins sé ekki kominn, ef bú greiðanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða honum hefur verið veitt heimild til þess að leita nauðasamnings eða að það hafi það komið í ljós við aðfarargerð að hann geti ekki greitt skuldir sínar eða að greiðandi hafi stöðvað greiðslur sínar til kröfuhafa sinna.

## 11. Tryggingar og ábyrgðir

- 11.1. Víxlarnir eru óveðtryggðir.

## 12. Önnur ákvæði

- 12.1. **Upplýsingaöflun:** Útgefanda er heimilt að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur víxlanna á hverjum tíma frá verðbréfamiðstöð og viðeigandi reikningsstofnunum þar sem víxlarnir eru geymdir á verðbréfareikningum.
- 12.2. **Vanskil:** Um vanskil víxlanna skal fara eftir ákvæðum víxillaga nr. 93/1933.
- 12.3. **Hlunnindi:** Engin hlunnindi eru tengd víxlunum.
- 12.4. **Framsal:** Framsal og eigendaskipti að víxlunum skal fara fram í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna. Reikningsstofnunum er einum heimilt að annast milligöngu um framsal á víxlunum.
- 12.5. **Fyrning:** Kröfur samkvæmt víxlunum fynast á tíu árum frá gjalddagasamkvæmt 5. gr. laga nr. 140/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

- 12.6. **Skattamál:** Um skattalega meðferð víxlanna fer samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefanda ber skylda samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóðs, nema eigandi víxlanna hafi falið annarri innlánsstofnun, verðbréfafyrirtæki eða fjármálastofnun innheimtu þeirra. Víxlarnir eru undanþegnir stimpilgjöldum.
- 12.7. **Lög:** Um víxlana gilda meðal annars lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna, víxillög nr. 93/1933, lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.
- 12.8. **Varnarþing:** Rísi dómsmál út af víxlum þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Reykjavík, 17. maí 2023

Fyrir hönd Fossa fjárfestingarbanka hf:

---

Ottó Stefán Michelsen